

Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

haldinn í Þingborg mánudaginn 24. nóvember 2022 kl. 14:00.

Mætt:

Jón Bjarnason oddviti Hrunamannahrepps
Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri Flóahrepps
Árni Eiríksson oddviti Flóahrepps
Ása Valdis Árnadóttir oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps
Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri Bláskógabyggðar
Haraldur Þór Jónsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Geir Sveinsson bæjarstjóri Hveragerðis
Í fjarfundi var Elliði Vignisson bæjarstjóri Hveragerðis
Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður SVÁ
Í fjarfundi var Bryndís Gunnlaugsdóttir frá KPMG

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Staða Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs..

Bryndís Gunnlaugsdóttir KPMG kemur inn á fundinn á Teams undir þessum lið.

NOS, stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. leggur til að sveitar- og bæjarstjórnir aðildarsveitarfélaga samþykki útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus úr byggðasamlaginu. Skal úrganga sveitarfélaganna miðast í síðasta lagi við 1. mars 2023. Í framhaldinu verður gengið frá samkomulagi allra sveitarfélaga þar sem gengið er frá eignum, skuldum, yfirfærslu á málum sem eru í vinnslu hjá skóla- og velferðarþjónustu sem og öðru er leysa þarf úr við útgöngu þeirra. Skal það samkomulag vera samþykkt í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna fyrir útgöngu sveitarfélaganna.

Rætt sérstaklega varðandi þroskapróf sálfræðinga og að gera þarf samning um sameiginlega notkun á þroskaprófinu þar sem það er ekki fánlegt lengur

Rætt um að fyrirliggjandi sé vinna við að loka öllum kláruðum málum og undirbúa öll þau mál sem þarf að flytja yfir í nýja þjónustu. Samþykkt að Melkorka athugi hvort ritari sé tilbúin að auka tímabundið starfshlutfall sitt til að geta klára þessa vinnu.

2. Önnur mál

Stjórn NOS leggur til við aðildarsveitarfélög að framlengja skipunartíma nefndarmanna í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings til 1.mars 2023.

Rætt um að hafa sameiginlegar bakvaktir barnaverndar og allir sammála að mikilvægt væri að halda samstarfi á þessu sviði. Elliði mun kanna vilja Árborgar til að koma að slíku samstarfi.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 12. desember kl. 15:00 í Þingborg.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:55.